


Áfengissala kaupmanna á Akureyri



Auglýsing í Norðurlandi 1911 frá Carl Höpfners verzlun.



Úr „Hvítu búðinni“ þ.e. Höpepfnersverzlun. Í stóru herbergi inn af búðinni voru fjórar stórar tunnur á stökkum, brennivín, koniak, romm og messuvín.



Auglýsing í Gjallarhorni 1905 frá Verzlun J.V. Havsteens.

Í verslunum kaupmanna fengust nauðsynjavörur og munaðarvörur og þar á meðal tóbak og brennivín. Sem dæmi um verðlag má nefna að árið 1884 kostaði brennivínslítrinn 85 aura á meðan hálf kíló af kaffi kostaði 70 aura. Í auglýsingum frá kaupmönnum má sjá að úrval af víni bæði léttu og sterku er allgott miðað við annað vöruúrval þessa tíma.

Frá Gránufélagsverslun á Oddeyri birtist auglýsing 1896 þar sem auglýstar voru margskonar nýlenduvörur, leirtau og glervara, vefnaðarvara og vín svo sem portvín, madeira, sherry, Samos (grískt vín), Cognac vieux og Chareente, rauðvín 4 sortir, Svensk banko, bitter 5 sortir, lemonade og aquavit.

Drykkjuskapur var alltíður og vildi það brenna við að á heimleið úr kaupstað væru menn vel við skál og ófár auglýsingar birtust í blöðum þar sem menn höfðu týnt smáu og stóru á leiðinni heim og víða fannst svokölluð kaupstaðarlykt.

Fyrsta góðtemplarastúkan á Íslandi var stofnuð á Akureyri í janúar 1884 og árið 1897 voru samþykkt lög frá alþingi þess efnis að engir nýir kaupmenn fengju að versla með áfengi, nema með leyfi sveitunga sinna, sem endurnýist árlega. Erfingi Höpfners fékk t.d. ekki að halda áfram áfengissölu um áramót 1901-02 og var þá engin áfengisverslun á Akureyri en þrjár á Oddeyri. Að undangenginni atkvæðagreiðslu landsmanna 1908 voru samþykkt lög árið 1909 um aðflutningsbann á áfengi, tók það gildi 1912, en sala vínbirgða leyfileg til 1915. Þá tóku bannárin við og stóðu yfir til 1935, en sala léttra vína var leyfð aftur árið 1922 (Spánarvín), því að Spánverjar beittu Íslendinga kúgunum og hótuðu að hætt að kaupa af þeim saltfisk ef þeir keyptu ekki Spánarvínin.

31. maí 1922 var sett reglugjörð um sölu og veitingar vína. Áfengisverslun ríkisins mátti ein flytja inn vín og þar með lauk endanlega verslun kaupmanna með áfenga drykki, sem að vísu hafði legið niðri frá 1915.

Helstu heimildir:

1. *Gjallarhorn*, 14.5.1905.
2. *Íslandssaga a-h*.
3. *Norðurland*, 31.12.1901.
4. *Saga Akureyrar 1.b*.
5. *Stefnir*, 15.5.1896; 8.9.1897.